

Fyrirspurn

til umhverfis- og auðlindaráðherra um áhættumat og viðbragðsáætlanir
vegna eiturefnaflutninga í grennd við vatnsverndarsvæði.

Frá Ólafi Ísleifssyni.

1. Liggur fyrir áhættumat og viðbragðsáætlun á vegum ráðuneytisins eða undirstofnana þess vegna flutnings eldsneytis, tilbúins áburðar, annarra eiturefna til atvinnurekstrar og annars hættulegs farms um þjóðvegi í grennd við vatnsverndarsvæði? Ef svo er, hver er niðurstaða nýjasta slíks mats eftir svæðum og hverjir eru helstu þættir viðbragðsáætlana, þar á meðal verkaskipting og skipting ábyrgðar milli aðila sem koma að slíkum áætlunum?
2. Liggur fyrir áhættumat og viðbragðsáætlun á vegum ráðuneytisins eða undirstofnana þess vegna áhrifa saltburðar á Suðurlandsveg í grennd við vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins sem og á Bláfjallaafleggjarann?
3. Liggur fyrir áhættumat og viðbragðsáætlun á vegum ráðuneytisins eða undirstofnana þess vegna áhrifa gúmmíkurla undan hjólbörðum bifreiða og annarra mengandi efna frá bifreiðaumferð um Suðurland í grennd við vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins?

Skriflegt svar óskast.